

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er skv. erfðaskrá, að líkna og styrkja börn og unglínga undir 15 ára aldri, þeim, sem þurfa á hjálp að halda vegna sjúkdóma, sérstaklega þeim, sem eru í tengslum við Barnaspítala Hringins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skv. ákvæðum erfðaskrár, skipuð þrem mönnum þannig: Formanni Kvenfélagsins Hringins, yfirlækni Barnaspítala Hringins og einum af núverandi eigendum Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar, eða einum af þeim, er síðar eignast Málflutningsskrifstofuna. Skal sá aðili vera formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórnin heldur fundargerðarbók og skulu fundargerðir undirritaðar í lok fundar. Fundur skal boðaður af formanni, sem ákveður fundarstað og fundartíma, en fundir eru því aðeins lögmatir, að tveir af stjórnarmönnum séu mættir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Stjórnin skal leitast við að ávaxta eignir sjóðsins á þann hátt, að rýrnun höfuðstóls verði sem minnst, t. d. með því að ávaxta hann með vísitölutryggðum skuldabréfum eða fasteignum.

5. gr.

Stjórnin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Heimilt er að hafa samvinnu við stjórn Kvenfélagsins Hringins og þeirra er fara með málefni Barnaspítala Hringins, um úthlutun hverju sinni. Afl atkvæða ræður bæði hvað varðar ráðstöfun eigna og styrkveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18.

Laugardaga kl. 11—12.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.